



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Aðalfundur 25. mars 2014

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Aðalfundur hestamannafélagsins Glaðs haldinn í Leifsbúð, Búðardal 25. mars 2014.
Á fundinn mættu 24 félagar.

1. Þórður Ingólfsson formaður félagsins setti fundinn. Kosning starfsmanna fundarins: Þórður fundarstjóri og Gyða fundarritari, það var samþykkt.
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi á liðnu ári. Þórður fór yfir starfsemina, haldnir voru 6 stjórnarfundir á árinu. Fræðslunefnd vann ötult starf stóð fyrir námskeiðum og fór í hópferðir m.a á sýninguna Æskan og hesturinn sem haldin var í Reykjavík, Ástvaldur á Hofakri gaf aksturinn þangað og kann félagið honum bestu þakkir fyrir þann rausnarlega stuðning. Haldin voru 3 innanhússmót, vetrarleikar og opið íþróttamót í apríl, hestaþing Glaðs í júní og bikarmót vesturlands í ágúst. Skemmtikvöld var haldið í maí. Unnið var við reiðveg fyrir ofan Saura og Ás. Formannafundur LH var haldinn í nóvember og formenn félaganna á vesturlandi hafa hittst öðru hvoru. Haldið var fjórðungsmót á Kaldármelum. Heiðrún Sandra formaður fræðslu og æskulýðsnefndar fór yfir starf nefndarinnar og þau námskeið og viðburði sem boðið var uppá.
Á næsta aðalfundi er stefnt að því að hver nefndarformaður geri grein fyrir starfi nefnda. Í félagið gengu 9 manns og úr félaginu gengu 11 manns. Í félaginu eru nú 152 félagar.
3. Gjaldkeri félagsins Svala Svavarsdóttir lagði fram reikninga félagsins og skýrði þá. Á rekstrarreikningi eru gjöld samtals 2.023.916 og tekjur samtals 2.101.669 fyrir afskriftir sem eru 403.002, rekstrarniðurstaða er því 325.249. Á efnahagsreikningi 31.12.2013 eru eignir samtals 8.806.494 skuldir og eigið fé 8.806.494.
4. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga. Þórarinn Birgir spurðist fyrir hvort ekki væri hægt að félagsgjöld barna færu á kennitölu foreldris þannig að komi fram í netbönkum þeirra. Rætt um styrk frá Dalabyggð sem fer í reiðhöllinav námskeiða og móta sem þar eru haldin. Rætt um hvort hafa ætti aðgangseyrir á mót, frekar neikvætt hljóð í fólki varðandi það. Hugmynd frá Sigurði Jökulssyni að selja mótaskrá sem væri líka happdrættismiði, mæltist vel fyrir. Rætt um dómarakostnað, dómara sem koma af vesturlandi ódýrasti kosturinn. Bryndís spurðist fyrir um kostnað v. mótanefndar, færast ekki rétt milli í forriti, verður lagfært. Reiðvegafé fer áfram í framkvæmdir fyrir ofan Saura og Ás 2014 veginn þarf að klára. Rætt um reiðveginn fyrir ofan Búðardal frá hesthúsum, þann veg þarf að lagfæra, oft hálfófær v. bleytu og drullu. Sækja um til sveitarfélags og Vegagerðar v, hans, Hesteigendafélagið búið að senda bréf til Dalabyggðar 2013 v. þessa.
5. Reikningar bornir undir atkvæði og samþykktir.
6. Lagabreytingar. Stjórn leggur fyrir fundinn eftirfarandi tillögur að breytingu á lögum félagsins:
 - a. Aftan við grein 5 í nágildandi lögum félagsins bætist svohljóðandi texti: „Til að hestur geti keppt fyrir Glað í gæðingakeppni verður hann að vera skráður í eigu

félaga í Glað þann 15. apríl á keppnisárinu. Þetta gildir einnig í barna-, unglinga- og ungmennaflokkum þó að þar sé knapinn keppandinn.“

b. „Ákvæði til bráðabirgða“ sem er aftast í núgildani lögum fellur út..

Seinni hluti tillögunnar um bráðabirgðaákvæði varðandi sameiningu Hestaíþróttadeildar Glaðs og Hestamannafélagsins Glaðs var samþykktur án umræðu. Talsverð umræða varð um fyrri hlutann hinsvegar og veltu fundarmenn tillögunni fyrir sér. Þórnarni finnst of langur tími, telur eðlilegt að fólk kaupi hest með stuttum fyrirvara. Eyþóri fannst frestur of langur, vill miða við skráningardag. Spurning hvort tillaga sem þessi fari inná LH þing í haust. Umræða um dagsetninguna, 15.04 er dagur sem margt er miðað við t.d skiladagur inn til LH v. félagafjölda og fjölda hesta til stórmóta. Fólki fannst eðlilegt að þegar skráð er til keppni sé hestur í eigu félagsmanns. Umræða spannst um vinnulag á mótum hjá okkur, að sannreyna eigendaskipti. Gísli velti fyrir sér hvort nóg væri að hestur sé í eigu félaga við skráningu. Rætt um atvik sem kom upp á móti síðastliðið sumar. Vinnuregla ekki nóg. Fram kom svohljóðandi breytingatillaga: Aftan við grein 5 í núgildandi lögum félagsins bætist svohljóðandi texti „Til að hestur geti keppt fyrir Glað í gæðingakeppni verður hann að vera skráður í eigu félaga í Glað við skráningu í keppnina. Þetta gildir einnig í barna-, unglinga- og ungmennaflokkum þó að þar sé knapinn keppandinn.“

Breytingatillagan var samþykkt með 15 atkvæðum.

Sendu þessa tillögu á LH þing í haust, spurning hvort nokkur félög sameinist um tillöguna inná þingið.

7. Kosningar skv. 6 grein. Úr stjórn eiga að ganga meðstjórnendur þeir Viðar Ólafsson og Guðbjörn Guðmundsson, Guðbjörn gaf ekki kost á sér til endurkjörs en Viðar gaf kost á sér áfram og var endurkjörinn. Þórnarni Birgir Þórnarnisson kjörinn meðstjórnandi til þriggja ára. Til vara Unnsteinn K. Hermannsson og Ármann Rúnar Sigurðsson endurkjörnir.

Skoðunarmenn reikninga eru Sigurður Jökulsson og Valberg Sigfússon, komið að kostningu á öðrum skoðunarmanni þá Sigurði en hann gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Bryndís Karlsdóttir kjörin.

Fulltrúar á LH þing. Formaður fer ásamt 2 fulltrúum, Þórður tilnefndi Eyþór, var það samþykkt. Tillögur komu um Svölu og Heiðrúnu Söndru, kosning fór fram, Svala hlaut 10 atkvæði og Heiðrún Sandra 11 atkvæði. Þannig að fulltrúar verða auk formanns, Eyþór og Heiðrún Sandra og Svala til vara.

Fulltrúar á UDN þing, vísað til stjórnar, það samþykkt.

8. Fræðslu og æskulýðsnefnd:

Heiðrún Sandra formaður, Svanborg Einarsdóttir, Sigríður Fjöla Mikaelisdóttir og Styrmir Sæmundsson.

Kynbótanefnd:

Valberg Sigfússon formaður, Guðbjörn Guðmundsson og Styrmir Sæmundsson.

Mótanefnd:

Svanhvít Gísladóttir formaður, Inga Heiða Halldórsdóttir, Skjöldur Orri Skjaldarson, Styrmir Sæmundsson og Þórnarni Birgir.Þórnarnisson.

Reiðveganefnd:

Guðbjörn Guðmundsson formaður, Eyþór Gíslason og Ólafur Guðjónsson.

Skemmtinefnd:

Skjöldur Orri Skjaldarson formaður, Inga Heiða Halldórsdóttir, Arnar Þór Ólafsson, Valdis Gunnarsdóttir og Fanney Þóra Gísladóttir.

Tölvu og tækninefnd:

Svala Svavarsdóttir formaður, Ásgeir Salberg Jónsson, Eyþór Gíslason, Sigurður Bjarni Gilbertsson og Þórður Ingólfsson.

9. Ákvörðun árgjalds. Samþykkt að hafa óbreytt árgjald 5.000 fyrir fullorðna og 2.000 börn og unglingar. Gísli kom með fyrirspurn um hvort hægt að vera aukafélagi eða styrktarfélagi á lægra gjaldi, hugmynd, til þess þarf lagabreytingu á 4. grein. Stjórn skoði þetta.

10. Önnur mál.

Eyþór sagði frá FM 2013 á Kaldármelum, leiðinda veður var og hafði það áhrif á aðsókn á mótið. Búið að vinna eftir mót í samningum við að lækka gjöld, þannig er búið t.d að semja við Snæfelling um lægri leigu v. svæðis. Rætt um staðsetningu fjórðungsmóts, mikill kostnaður sem fylgir því að vera á Kaldármelum, dýrt að vera útá landi með stórmót, hagkvæmara að hafa nærri þéttbýliskjörnum. Spurning hvort næsta FM á Vesturlandi verður staðsett annarsstaðar. Margrét spurði hvort leggja eigi FM á Kaldármelum niður, heyrst hefur að Skuggi vilji halda næsta fjórðungsmót. Rætt um þetta, skiptar skoðanir, þá útfrá kostnaði og fleiru.

Þórður talaði um formannafund og öryggismál, LH leggur til að félögin hafi öryggisnefnd eða öryggisfulltrúa. Spurning hvort fræðslunefnd taki þetta að sér.

Spurning um hvort félagið eigi að hafa dagskrá á 17. júní fyrir Dalabyggð? Fáum innkomu fyrir það. Skemmtinefnd hugsanlega sjái um framkvæmd.

Inga Heiða bað um orðið og þakkaði Einari Jóni fráfarandi formanni mótanefndar vel unnin störf í mótanefnd.

Ástvaldur beindi orðum til reiðveganefndar um veginn vestan við Búðardal á þeirri leið eru ræsi farin og skapar það hættu fyrir hestamenn, þetta þarf að athuga. Einnig að setja strengi meðfram reiðvegum sem liggja við og nærri akvegi. Þarft mál að allir sem málið snertir taki höndum saman og bæti ástandið, þ.e Vegagerðin, hestamannafélag, hestaeigendafélag og sveitarfélagið. Gunnar ítrekaði og tók undir með Ástvaldi að viðhalda verði reiðvegum, reiðvegurinn í Miðdölum er t.d. að hverfa í gras. Einnig þarf að laga veginn niður í fjöru við ósa Laxár.

Reiðvöllurinn, rætt um hvort meira efni þurfi að setja í hann, völlumurinn var heflaður upp sumarið 2013. Laga þarf miðjuna inní vellinum meira, þar var tætt upp og slegið fyrir Bikarmót 2013.

Margrét ræddi um reiðnámskeið sem hafa verið í boði, mælir með helgarnámskeiðum þar sem knapa og hesti eru sett fyrir verkefni milli þeirra helga sem námskeiðin eru á. Fræðslunefnd skoðar þetta. Margrét benti einnig á að nemendur frá reiðkennarabraut á Hólum bjóða uppá námskeið án kostnaðar sem þátt í sínu námi, góð hugmynd að skoða það nánar.

Svanhvít óskaði eftir riturum v vetrarleika, hvort einhver á fundinum gæti tekið að sér.

Búið er að sækja um dómara fyrir íþróttamótið og Nesoddamótið.

Skjöldur Orri sagði frá að til standi að fara skemmtiferð á suðurlandið, ræktunarsýningu 26.04 í Ölfushöllinni.

Hermann spurði um járníngarnámskeiðið sem fyrirhugað var í vetur en þurfti að fresta. Verið er að finna nýja dagsetningu fyrir námskeiðið.

Svala hvatti fólk til að mæta á Vesturlandssýninguna í Borgarnesi 29 mars.

Þórður sleit fundi kl 23.00.